

# Klofningsatkvæði í alþingiskosningum 1900–1903

**Hrafnkell Lárusson**, nýdoktor í sagnfræði við Hugvísindasvið Háskóla Íslands

## Útdráttur

Alþingiskosningar á árunum 1900–1903 fór fram í einmennings- og tvímenningskjördæmum sem sýslur landsins mynduðu, ýmist heilar eða tvískiptar, auk þess sem Reykjavík var sérstakt kjördæmi. Um aldamótin 1900 höfðu myndast tveir stjórnmálaflokkar á Alþingi, Heimastjórnarflokkur og Valtýingar, og einkenndust alþingiskosningar á þessum tíma af baráttu flokkanna, sem myndaðir voru á forsendum andstæðra sjónarmiða til breytinga á stjórnarskránni frá 1874 og stöðu Íslands innan danska konungsríksins. Alþingiskosningar á landshöfðingjatímanum (1874–1903) hafa til þessa lítið verið rannsakaðar sem slíkar. Því er lítið vitað um orsakir kjörhegðunar kjósenda og áhrif á hana, hvort stjórnarskrármálið eða önnur mikilvæg landsmál réðu þar mestu eða hvort staðbundin hagsmuna- og deilumál eða persónulegar vinsældir einstakra frambjóðenda réðu úrslitum. Í þessari grein er fjallað um klofningsatkvæði í alþingiskosningum á árunum 1900, 1902 og 1903 í sex af níu tvímenningskjördæmum og er hvert kjördæmi skoðað sérstaklega. Klofningsatkvæði (e. split vote eða split ticket) er hugtak sem notað er yfir það þegar kjósendi, sem hefur yfir tveimur eða fleiri atkvæðum að ráða við kosningar, skiptir atkvæðum sínum á milli frambjóðenda tveggja eða fleiri stjórnmálaflokka.

**Efnisorð:** Kosningar; atkvæðagreiðsla; landshöfðingjatími; stjórnmálaflokkar.



Icelandic Review of Politics and Administration Vol. 22, Issue 1 (91-116)

2026 Contact: Hrafnkell Lárusson, hrafnkell@hi.is

Article first published online June 22<sup>nd</sup> 2026 on <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík, Iceland

Stjórnmál & stjórnsýsla 1. tbl. 22. árg. 2026 (91-116) Fræðigreinar

2026 Tengiliður: Hrafnkell Lárusson, hrafnkell@hi.is

Vefbirting 22. júní 2026 – Birtist á vefnum <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík

DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2026.22.1.5>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 4.0 License.

**Split voting in Icelandic parliamentary elections 1900–1903****Abstract**

Parliamentary elections in Iceland during the years 1900–1903 were conducted in single-member and dual-member constituencies, which were formed by the counties of the country — either as whole units or divided — with Reykjavík, as a separate constituency. Around the turn of the twentieth century, two political parties had emerged in Alþingi: the Home Rule Party and Valtýingar. Elections during this period were characterized by the rivalry between the parties, which were established based on opposing views regarding amendments to the 1874 constitution and Iceland's status within the Danish kingdom. Parliamentary elections during the Governor's period (1874–1903) have, to date, received little scholarly attention as such. Consequently, little is known about the causes of voter behaviour and the factors influencing it — whether constitutional issues or other significant national matters were decisive, or whether local interests and disputes or the personal popularity of individual candidates determined the outcome. This article examines split voting in parliamentary elections in the years 1900, 1902, and 1903 in six out of nine dual-member constituencies, with each constituency analysed separately. Split voting or split ticket is a concept that refers to where a voter, possessing two or more votes in an election, distributes the votes between candidates from two or more political parties.

**Keywords:** Elections; voting; The Governor's Period; political parties.

**Inngangur**

Það er engin nýlunda að úrslit alþingiskosninga vekji tilfinningar og skapi umræður. Ritstjórar íslenskra þjóðmálaþlaga um aldamótin 1900 voru fyrirferðarmiklir í þjóðmálaumræðunni, einkum er kom að umfjöllun um stjórnsmál og þar voru kosningar ekki undanskildar. Á þessum tíma hikuðu þeir ekki við að fella opinbera gildisdóma yfir kjósendum heilla kjördæma út frá niðurstöðu kosninga, einkum ef þeim sem hélt á penna mislíkaði úrslitin. En það voru þó ekki aðeins ósigrar sem fengu ritstjóra og aðra áhugamenn um stjórnsmál til að taka stórt upp í sig. Jafntefli gátu haft sömu áhrif. Einar Hjörleifsson (sem síðar nefndi sig Kvaran), þá ritstjóri þjóðmálaþladsins *Norðurlands á Akureyri*, lét svo ummælt eftir alþingiskosningarnar í júní 1902: „Meiri hlutinn í Árnessýslu sýnir nákvæmlega sama stjórnsmálaþroskann eins og við síðustu kosningar, kys sinn manninn úr hvorum flokk, tvo menn, sem líklegir eru til að vera hvor öðrum svo örðugir, sem þeim er unt!“ ([Einar Hjörleifsson] 1902, 150) Einari gramdist að kjósendur í tvímenningskjördæminu Árnessýslu hefðu ekki kosið eftir flokkslínunum, þar sem niðurstaðan sýndi að hluti kjósenda hefði skipt atkvæðum sínum milli frambjóðenda andstæðra flokka. Á þessum tíma var kosið til Alþingis í einmennings- og tvímenningskjördæmum og höfðu kjósendur í tvímenningskjördæmum tvö atkvæði til umráða. Þar sem um persónukjör var að ræða, en ekki framboðslista, gátu kjósendur greitt atkvæði þvert á flokkslínur ef þeir svo kusu.

Klofningsatkvæði (e. split vote eða split ticket) er hugtak sem notað er yfir það þegar kjósendi, sem hefur yfir tveimur eða fleiri atkvæðum að ráða við kosningar, skiptir atkvæðum sínum á milli frambjóðenda tveggja eða fleiri stjórnmálaflokka. Klofningsatkvæðum er skipt í tvær megingerðir – lárétt og lóðrétt. Lárétt þýðir skiptingu atkvæða milli frambjóðenda sem sækjast eftir samsvarandi embætti, til dæmis þingsæti eða sæti í sveitarstjórn. Lóðrétt skipting er milli andstæðra framboða í mismunandi gerðir embætta, til dæmis þingsæti, forseta- og ríkisstjóraembætti (Burden & Helmke 2009).

Í þessari grein verður fjallað um hlutfall „láréttra-klofningsatkvæða“ í alþingiskosningum í sex tveimningskjördæmum á árunum 1900–1903. Rætt er sérstaklega um úrslit í hverju kjördæmi fyrir sig. Meginmarkmið greinarinnar er að leita skýringa á því hvers vegna hluti kjósenda kaus þvert á flokkslínur og hvort þeir sem það gerðu áttu eitthvað sameiginlegt sem aðskildi þá frá öðrum kjósendum. Greiningin byggir á kjörskrá og atkvæðaskrá frá alþingiskosningum á þessum árum sem eru varðveittar í Þjóðskjalasafni Íslands. Til frekari skýringa er einnig stuðst við aðrar heimildir, einkum blaðaskrif og sendibréf manna sem voru virkir í stjórnmálastarfi á þessum tíma.

Stærsta mál íslenskra stjórnmála á landshöfðingjatímanum (1874–1903) var endurskoðun stjórnarskrárinnar frá 1874, eða stjórnarskrármálið eins og það var jafnan kallað. Það, ásamt fyrirhugaðri heimastjórn og þeim auknu völdum sem hún myndi færa íslenskum stjórnvöldum, varð megindrifkraftur þess að skömmu fyrir aldamótin 1900 tóku að myndast tveir stjórnmálaflokkar á þingi: Heimastjórnarflokkur og Valtýingar. Þeir voru þó ekki formlega stofnaðir fyrr en árið 1902. Myndun stjórnmálaflokka var nauðsynleg vegna væntanlegs þingræðis og fyrirhugaðrar færslu framkvæmdavalds inn í landið. Hvorugur þessara flokka var á þessum tíma stjórnmálaflokkur í nútímaskilningi, það er skipulögð fjöldahreyfing, þó að starfsemi beggja einskorðaðist ekki við Alþingi (Gunnar Helgi Kristinsson 1991; Ólafur Þ. Harðarson 2004).

Í umfjöllun þjóðmálaþaða um kosningaúrslit um aldamótin 1900 voru þau jafnan sett í samhengi við átök flokkanna um endurskoðun stjórnarskrárinnar og oft á tíðum túlkuð næsta einhliða út frá því máli og ætluðum viðhorfum kjósenda til þess (*Þjóðviljinn* 11. september 1900; *Ísafold* 26. september 1900). Þessi orsakaskýring hefur orðið langlíf og náð að enduróma í síðari tíma skrifum um stjórnmálasögu þessara ára. Alþingiskosningar á landshöfðingjatímanum hafa til þessa lítið verið rannsakaðar en úrslit þeirra oft blandast inn í aðra umfjöllun um stjórnmál tímabilsins. Því er í raun lítið vitað um orsakir kjörhegðunar kjósenda og áhrif á hana, hvort stjórnarskrármálið eða önnur mikilvæg landsmál réðu þar mestu eða hvort til dæmis staðbundin hagsmuna- og deilumál eða persónulegar vinsældir einstakra frambjóðenda réðu úrslitum.<sup>1</sup>

## 1. Rannsóknir og íslensk kosningalög

Upphaf rannsókna á klofningsatkvæðum er rakið til greinar eftir Angus Campbell og Warren E. Miller sem birtist í *American Political Science Review* árið 1957. Hún fjallaði um klofningsatkvæði í kosningum í Bandaríkjunum árin 1952 og 1956 (Campbell & Miller 1957). Síðan hafa rannsóknir á þessu afbrigði kjörhegðunar einkum beinst að nýafstöðnum kosningum. Nýrri rannsóknir byggja oftast á spurningakönnunum sem sendar

eru kjósendum enda jafnan leynilegar kosningar sem eru til rannsóknar (Karp o.fl. 2002; Burden & Kimball 1998; Beck o.fl. 1992).

Nálgun fræðimanna á þetta viðfangsefni dregur jafnan dóm af þeim kosningakerfum sem notast er við í hverju tilviki. Í þingkosningum í Þýskalandi er til dæmis kosið til ríkisþingsins í einmenningskjördæmum en hver kjósandi hefur tvö atkvæði, eitt fyrir frambjóðanda og annað fyrir flokk (Deutscher Bundestag; Gschwend 2007). Í Bandaríkjunum er algengt að kjósa samhliða til margra embætta, til dæmis til forseta, fulltrúa-deildar Bandaríkjaþings, ríkisstjóra og ríkisþinga. Það þýðir að kjósandi hefur val um að kjósa fulltrúa sama flokks í öll embætti eða skipta atkvæðum sínum milli frambjóðenda fleiri en eins flokks (United States government official website; Burden & Kimball 1998).

Meginmarkmið erlendra rannsókna á klofningsatkvæðum er að leita skýringa á því hvers vegna, hvenær og hve oft kjósendur velji að skipta atkvæðum sínum og verður þeirri áherslu fylgt hér. Deildar meiningar eru meðal fræðafólks um orsakir þess að kjósendur skipti atkvæði sínu, hvort það sé til dæmis gert af kænsku (e. strategy), vilja til valddreifingar eða kjósendur sem skipti atkvæðum sínu séu einfaldlega sinnulausir og séu að sóa þeim (Burden & Helmke 2009; Pappi & Thurner 2002). Við þessu hefur ekki fengist einhlítt svar enda má gera ráð fyrir að ástæður skiptingar séu margvíslegar eftir svæðum, tíma og pólitísku landslagi, auk þess sem kosningakerfi á hverjum stað hefur augljós áhrif á möguleika kjósenda til skiptingar atkvæða. Engu að síður hafa heyrst áköll um að fram komi kenning sem skýri til hlýtar hvers vegna hluti kjósenda greiðir klofningsatkvæði (Burden & Kimball 1998; Beck o.fl. 1992). Það viðhorf hefur mætt gagnrýni og verið lýst sem tilhneigingu til að ofureinfalda og líta á kjósendur fyrst og fremst sem stuðningsmenn stjórnmalaflokka en ekki sjálfstæða einstaklinga (Gschwend 2007).

Núgildandi kosningalög á Íslandi bjóða ekki upp á skiptingu atkvæða í alþingiskosningum, þar eð hver kjósandi hefur aðeins eitt atkvæði til umráða. En gildandi kosningalög á þeim tíma sem hér er til umfjöllunar buðu upp á þann möguleika. Eina rannsóknin á klofningsatkvæðum í alþingiskosningum til þessa, sem greinarhöfundur er kunnugt um, er að finna í doktorsritgerð Svans Kristjánssonar stjórnmaláfræðings. Þar birtust niðurstöður rannsóknar Svans á klofningsatkvæðum í sex tvímenningskjördæmum við alþingiskosningar á fjórða og fimmta áratug 20. aldar. Þar má sjá að hlutfall klofningsatkvæða í viðkomandi kjördæmum var að meðaltali 8,5% árið 1934, 16,5% árið 1937 og 6,2% árið 1942. Hærra hlutfall við kosningarnar árið 1937 skýrist af framboði Bændaflokksins og skiptingar atkvæða milli frambjóðenda hans og frambjóðenda Sjálfstæðisflokksins. Svanur benti á að væru þau atkvæði frátalin hafi hlutfall klofningsatkvæða verið 6,5% árið 1937. Flokkshollusta (að kjósa tvo úr sama flokki) var því, að þessu tilviki frátöldu, jafnan yfir 90% á þessum tíma (Svanur Kristjánsson 1977).

Frá fyrstu alþingiskosningunum árið 1844 og fram til 1903 var kosning ekki leynileg heldur fór fram á sameiginlegum kjörfundi í hverju kjördæmi. Þar gengu kjósendur fyrir þriggja manna kjörstjórn, undir forystu sýslumanns, lýstu atkvæði sínu í heyranda hljóði og kjörstjórn skráði atkvæðin. Skráning atkvæða á kjörskrár og í atkvæðaskrár frá alþingiskosningum á þessum tíma sýnir því svart á hvítu hvernig hver og einn kjósandi kaus (*Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1877 A*). Á Alþingi árið 1903, að afstöðnum kosningum

Það ár, var kosningalögum breytt og í þeim breytingum fólst meðal annars að tekin var upp leynileg kosning á atkvæðaseðlum (*Alþingistíðindi 1903 C*). Alþingiskosningarnar árið 1903 voru því þær síðustu sem fram fóru á opinberum samkomum. Við alþingiskosningar á landshöfðingjatímanum var landinu skipt í einmennings- og tvímenningskjördæmi sem sýslur landsins mynduðu, ýmist heilar eða tvískiptar, auk þess sem Reykjavík var sérstakt kjördæmi. Kjósendur í einmenningskjördæmum höfðu eitt atkvæði til ráðstöfunar en kjósendur í tvímenningskjördæmum höfðu tvö atkvæði (*Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1877 A*). Með fáum undantekningum nýttu kjósendur sem mættu á kjörstað í tvímenningskjördæmum bæði atkvæði sín. Enginn taldist réttkjörinn á landshöfðingjatímanum nema hann fengi meira en helming atkvæða kjósenda sem neyttu atkvæðisréttar síns í kjördæminu. Því voru allmörg dæmi um tvær og jafnvel þrjár umferðir kosninga í einstökum kjördæmum (*Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1877 A*; Einar Laxness 1995).

Til og með alþingiskosningunum árið 1903 var aðeins einn kjörstaður í hverju kjördæmi, jafnan þingstaður þess hrepps sem næstur var miðju kjördæmisins eða annar hentugur staður. Kjördæmin voru því flest landfræðilega stór og því um langan veg að fara á kjörstað fyrir marga kjósendur. Samgöngur á landinu voru erfiðar og víða yfir fjöll og óbrúaðar ár að fara. Að þessu leyti bjó stór hluti kjósenda, annars staðar en í Reykjavík og Vestmannaeyjum, sem voru einu „þéttbýlis-kjördæmin“, við mismunun eftir búsetu innan kjördæmis allt til alþingiskosninganna árið 1908 þegar breytt kosningalög mæltu fyrir um kjörstað í hverjum hrepp (*Alþingistíðindi 1903 C*).

Frá árinu 1874 til 1903 höfðu um 9–10% Íslendinga (eingöngu karlar) kosningarétt og kjörgengi til Alþingis, sem samsvarar um 18,5–20% landsmanna á kosningaaldri (25 ára og eldri) eða á bilinu 40–44% karla á þeim aldri. Aðrir landsmenn nutu ekki fulls þegnréttar vegna kyns, aldurs, samfélagsstöðu og/eða efnahags. Framboð til Alþingis á landshöfðingjatímanum voru einstaklingsframboð, en á þeim árum sem hér er fjallað um bauð mikill meirihluti sig fram annað hvort sem yfirlýstir heimastjórnarmenn eða valtyingar. Þá var einnig orðið almennt að frambjóðendur gerðu framboð sín kunn nokkru fyrir kjördag. Kosningalögin frá 1877 heimiluðu þó að hver sá sem hafði kjörgengi og væri viðstaddur kjörfund gæti boðið sig þar fram, gerði hann kjörstjórn það kunnugt áður kosning hæfist (*Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1877 A*).

## 2. Klofningsatkvæði í sex kjördæmum 1900–1903

Í þessum hluta er fjallað um klofningsatkvæði í alþingiskosningum á árunum 1900, 1902 og 1903 í sex af níu tvímenningskjördæmum, sem þá voru. Kosningarnar árin 1902 og 1903 voru tilkomnar fyrr en ella vegna þingrofs eftir samþykkt Alþingis á breytingum á stjórnarskrá. Kjördæmin sem um ræðir eru Gullbringu- og Kjósarsýsla, Árnessýsla, Rangárvallasýsla, Norður-Múlasýsla, Skagafjarðarsýsla og Húnavatnssýsla. Þremur tvímenningskjördæmum er sleppt vegna gagnavöntunar (þar hafa ekki fundist kjörskrár fyrir einar kosningar eða fleiri). Þau kjördæmi eru: Suður-Múlasýsla, Eyjafjarðarsýsla og Ísafjarðarsýsla. Því síðasttalda var auk þess skipt í tvö einmenningskjördæmi árið 1902.

Tölfræði sem birtist í þessum hluta er afurð úrvinnslu greinarhöfundar á kjörskrár og atkvæðaskrár úr viðkomandi kjördæmum, sem varðveittar eru í skjalasöfnum sýslu-

mannasembættu í Þjóðskjalasafni Íslands. Því er ekki vísað til einstakra heimilda vegna hennar en vísað er til annarra heimilda sem nýttar eru til skýringa, einkum bréfasafna og blaðaskrifa, þar sem við á.

**Tafla 1.** Hlutfall klofningsatkvæða af greiddum atkvæðum

	1900	1902	1903	Meðaltal
Gullbringu- og Kjósarsýsla	32,8%	47,9%	14,2%	31,6%
Árnessýsla	22,3%	21,3%	26,1%	23,2%
Rangárvallasýsla	26,2%	7,0%	19,3%	17,5%
Norður-Múlasýsla	17,7%	30,1%	33,2%	27,0%
Skagafjarðarsýsla	59,0%	49,8%	29,6%	46,1%
Húnavatnssýsla	16,2%	19,2%	14,2%	16,5%
	<b>29,0%</b>	<b>29,2%</b>	<b>22,8%</b>	

Í töflu 1 má sjá að hlutfall klofningsatkvæða, af greiddum atkvæðum í kjördæmunum sex, var bæði breytilegt milli kjördæma en líka milli kosninga í sömu kjördæmum. Hlutfallið er nokkuð stöðugt í Árnes- og Húnavatnssýslum en sveiflast mun meira í hinum fjórum kjördæmunum. Mesta athygli vekur hátt hlutfall klofningsatkvæða í Gullbringu- og Kjósarsýslu og í Skagafjarðarsýslu í kosningunum 1900 og 1902, sem og áberandi lágt hlutfall þeirra í Rangárvallasýslu árið 1902. Aðstæður í hverju kjördæmi og sá breytileiki sem birtist í töflunni er skýrður í undirköflum um hvert þeirra.

**Tafla 2.** Hve oft skiluðu kjósendur klofningsatkvæði

	Einu sinni	Tvisvar	Þrisvar	Alls
Gullbringu- og Kjósarsýsla	144	57	6	207
Árnessýsla	117	34	14	165
Rangárvallasýsla	131	27	2	160
Norður-Múlasýsla	93	28	16	137
Skagafjarðarsýsla	117	57	20	194
Húnavatnssýsla	80	16	3	99
	<b>682</b>	<b>219</b>	<b>61</b>	<b>962</b>

  

	Einu sinni	Tvisvar	Þrisvar
Gullbringu- og Kjósarsýsla	69,6%	27,5%	2,9%
Árnessýsla	70,9%	20,6%	8,5%
Rangárvallasýsla	81,9%	16,9%	1,3%
Norður-Múlasýsla	67,9%	20,4%	11,7%
Skagafjarðarsýsla	60,3%	29,4%	10,3%
Húnavatnssýsla	80,8%	16,2%	3,0%
	<b>71,9%</b>	<b>21,8%</b>	<b>6,3%</b>

Af töflu 2 má sjá að af kjósendum sem greiddu klofningsatkvæði í kosningunum 1900, 1902 og 1903 gerði mikill meirihluti þeirra það aðeins einu sinni (71,9%) og rúmur fimmtungur gerðu það tvisvar (21,8%). Einungis 61 kjósandi (6,3%) greiddi klofningsatkvæði við allar þrjú kosningarnar. Af þessum 61 voru tveir prestar og einn verslunarmaður en allir hinir voru bændur að aðalstarfi, þó fáeinir hafi jafnframt verið hreppstjórar eða oddvitar í sínum hreppum. Þess ber að geta að yfirgnæfandi meirihluti kjósenda á kjörskrá í þeim kjördæmum sem hér um ræðir voru bændur.

Nokkur breytileiki er milli kjördæma. Í Rangárvalla- og Húnavatnssýslum er hlutfall þeirra sem greiddu klofningsatkvæði aðeins einu sinni áberandi hæst (80,8 og 81,9%) en það eru jafnframt þau kjördæmi þar sem fátíðast var að kjósendur skiptu atkvæðum sínum. Að sama skapi eru tölurnar fyrir Árnes- og Norður-Múlasýslur áþekkar nema hvað helst má sjá mun á hlutfalli þeirra sem greiddu klofningsatkvæði einu sinni og þrisvar. Tölurnar úr Gullbringu- og Kjósarsýslu eru nokkuð hærri en í Árnes- og Norður-Múlasýslu. Þar er hlutfall þeirra sem greiddu klofningsatkvæði tvisvar nokkru herra en að sama skapi lægra fyrir þá sem gerðu það þrisvar. Skagafjarðarsýslan sker sig úr þar sem nærri 40% kjósenda, sem þar greiddu klofningsatkvæði, gerðu það tvisvar eða þrisvar, auk þess sem hlutfall slíkra atkvæða er áberandi hæst í því kjördæmi.

Í töflum um skiptingu atkvæða milli frambjóðenda í köflunum hér á eftir eru nöfn frambjóðenda valtyngja rituð með **grænum** lit, heimastjórnarmanna með **bláum** en frambjóðenda í sérframbóði með svörtum. Í töflum 4, 6, 8, 10, 12 og 14 birtist skipting atkvæða milli frambjóðenda í kjördæmunum sex. Atkvæði hvers frambjóðanda radast bæði lárétt og lóðrétt í hverri töflu sem sýnir hve margir kjósendur deildu atkvæðum sínum milli tveggja frambjóðenda. Prósenturnar við hverja tölu sýna hlutfall þessara atkvæða af þeim atkvæðum sem viðkomandi frambjóðandi fékk (lárétta línan). Lita-merkingar í töflunum eru við hlutfall þeirra atkvæða sem samflokksmenn deildu.

## 2.1 Gullbringu- og Kjósarsýsla

Þetta kjördæmi var eitt sterkasta vígi valtyngja um aldamótin 1900 og þeirra frambjóðendur unnu bæði þingsætin þar í öllum þremur kosningunum. Raunar var staða valtyngja í Gullbringu- og Kjósarsýslu svo sterk að heimastjórnarmönnum gekk brósuglega að finna menn úr sínum röðum viljuga til framboðs þar ([Hannes Þorsteinsson] 1902; Lbs. 4791, 4to). Baráttan um þingsætin í kjördæminu var þó mjög hörð árið 1900 og þurfti tvær umferðir til að knýja fram úrslit en árin 1902 og 1903 unnu frambjóðendur valtyngja örugga sigra.

**Tafla 3.** Úrslit kosninga í Gullbringu- og Kjósarsýslu 1900–1903

Nafn	Staða	Ár	Flokkur	Atkvæði 1. umf.	Atkvæði 2. umf.
<b>Þórður J. Thoroddsen</b>	<b>héraðslæknir</b>	<b>1900</b>	<b>Valtýingar</b>	<b>101</b>	<b>136</b>
<b>Björn Kristjánsson</b>	<b>kaupmaður</b>	<b>1900</b>	<b>Valtýingar</b>	<b>107</b>	<b>121</b>
Jón Þórarinsson	skólastjóri	1900	Sérframboð	84	114
Jens Pálsson	prestur	1900	Sérframboð	64	88
Þórður Guðmundsson	hreppstjóri	1900	Sérframboð	50	
Guðmundur Magnússon	bóndi	1900	Sérframboð	42	
<b>Björn Kristjánsson</b>	<b>kaupmaður</b>	<b>1902</b>	<b>Valtýingar</b>	<b>215</b>	
<b>Þórður J. Thoroddsen</b>	<b>héraðslæknir</b>	<b>1902</b>	<b>Valtýingar</b>	<b>176</b>	
Jón Þórarinsson	skólastjóri	1902	Sérframboð	122	
Halldór Jónsson	bankagjaldkeri	1902	Heimastjórnarflokkur	68	
<b>Björn Kristjánsson</b>	<b>kaupmaður</b>	<b>1903</b>	<b>Valtýingar</b>	<b>266</b>	
<b>Valtýr Guðmundsson</b>	<b>dósent</b>	<b>1903</b>	<b>Valtýingar</b>	<b>231</b>	
Halldór Jónsson	bankagjaldkeri	1903	Heimastjórnarflokkur	89	
Ágúst Flygering Þórðarson	kaupmaður	1903	Heimastjórnarflokkur	55	

Hvorugur frambjóðandinn sem veitti Valtýingum harðasta samkeppni í kosningunum 1900, og mætti þeim þá í annarri umferð, var heimastjórnarmaður. Jón Þórarinsson skólastjóri Flensborgarskóla og alþingismaður kjördæmisins 1886–1900 taldist til hvorugs flokksins en stóð þó líklega nær valtýingum en heimastjórnarmönnum í skoðunum (Lbs. 3209, 4to; Lbs. 437 NF, 7). Jens Pálsson sóknarprestur í Görðum var valtýingur en framboð hans í kjördæminu verður engu að síður að skoðast sem sérframboð líkt og framboð Jóns. Kjörfundur í Gullbringu og Kjósarsýslu var haldinn 22. september 1900. Viku áður hafði Jens fallið í kosningum í Dalasýslu fyrir heimastjórnarmanninum Birni Bjarnarsyni sýslumanni þar. Framboð Jens í Gullbringu- og Kjósarsýslu kom því seint fram, löngu eftir að ljóst var að Björn Kristjánsson og Þórður J. Thoroddsen yrðu þar frambjóðendur valtýinga.

Þeir tveir frambjóðendur sem fengu fæst atkvæði í fyrstu umferð kosninganna 1900, Þórður Guðmundsson hreppstjóri á Hálsi og Guðmundur Magnússon bóndi í Elliðakoti, drógu sig í hlé fyrir aðra umferð. Þá báða er erfitt með vissu að telja til annars hvors flokksins og eru framboð þeirra því skoðuð sem sérframboð. Við kosningarnar 1902 og 1903 voru fjórir frambjóðendur við hvorar, tveir valtýingar gegn tveimur heimastjórnarmönnum árið 1903 og gegn heimstjórnarmanni og sérframboði Jóns Þórarinssonar árið 1902.

**Tafla 4.** Flokksframboð og klofningsatkvæði: Gullbringu- og Kjósarsýsla

Ár	Frambjóðandi	atkvæði	BK	BK	ÞT	ÞT	JP	JP	JP	JP	ÞG	ÞG	GM	GM
1900	Björn Kristjánsson (BK)	107	X	X	73	68,2%	3	2,8%	15	14,0%	12	11,2%	4	3,7%
1900	Þórður Thoroddsen (ÞT)	101	73	72,3%	X	X	14	13,9%	6	5,9%	4	4,0%	4	4,0%
1900	Jón Þórarinnsson (JP)	84	3	3,6%	14	16,7%	X	X	40	47,6%	14	16,7%	13	15,5%
1900	Jens Pálsson (JP)	64	15	23,4%	6	9,4%	40	62,5%	X	X	1	1,6%	2	3,1%
1900	Þórður Guðmundsson (ÞG)	50	12	24,0%	4	8,0%	14	28,0%	1	2,0%	X	X	19	38,0%
1900	Guðmundur Magnússon (GM)	42	4	9,5%	4	9,5%	13	31,0%	2	4,8%	19	45,2%	X	X
			<b>107</b>		<b>101</b>		<b>84</b>		<b>64</b>		<b>50</b>		<b>42</b>	
			<b>BK</b>	<b>BK</b>	<b>ÞT</b>	<b>ÞT</b>	<b>JP</b>	<b>JP</b>	<b>HJ</b>	<b>HJ</b>				
1902	Björn Kristjánsson (BK)	215	X	X	151	70,2%	56	26,0%	8	3,7%				
1902	Þórður Thoroddsen (ÞT)	176	151	85,8%	X	X	15	8,5%	9	5,1%				
1902	Jón Þórarinnsson (JP)	122	56	45,9%	15	12,3%	X	X	51	41,8%				
1902	Halldór Jónsson (HJ)	68	8	11,8%	9	13,2%	51	75,0%	X	X				
			<b>215</b>		<b>176</b>		<b>122</b>		<b>68</b>					
			<b>BK</b>	<b>BK</b>	<b>VG</b>	<b>VG</b>	<b>HJ</b>	<b>HJ</b>	<b>ÁFP</b>	<b>ÁFP</b>				
1903	Björn Kristjánsson (BK)	266	X	X	225	84,6%	38	14,3%	3	1,1%				
1903	Valtýr Guðmundsson (VG)	231	225	97,4%	X	X	2	0,9%	3	1,3%				
1903	Halldór Jónsson (HJ)	89	38	42,7%	2	2,2%	X	X	49	55,1%				
1903	Ágúst F. Þórðarson (ÁFP)	55	3	5,5%	3	5,5%	49	89,1%	X	X				
			<b>266</b>		<b>231</b>		<b>89</b>		<b>55</b>					

Þrátt fyrir að nokkuð skýrar línur virðist hafa verið í pólitísku landslagi í Gullbringu- og Kjósarsýslu um aldamótin og staða valtyinga þar áberandi sterk er hlutfall klofningsatkvæða í kosningunum 1900 og 1902 mjög hátt, einkum 1902 þegar það var 47,9%. Við fyrri umferð kosninganna árið 1900, þar sem hlutfall klofningsatkvæða var 32,6%, kom meginþorri þeirra frá kjósendum sem kusu Jón Þórarinnsson eða Jens Pálsson og annan hvorn frambjóðenda valtyinga. Árið 1902 teljast öll atkvæði greidd Jóni og öðrum frambjóðanda vera klofningsatkvæði, þar sem framboð hans er skoðað sem sérframboð en hin sem flokksframboð. Atkvæði greidd Jóni eru því mikill meirihluti klofningsatkvæðanna við þær kosningar þar sem fáir kjósendur Halldórs Jónssonar bankagjaldkera, frambjóðanda Heimastjórnarflokksins, kusu jafnframt annan hvorn frambjóðenda valtyinga. Um kosningarnar 1903 er fátt að segja í samhengi þessarar greinar þar sem Björn Kristjánsson og Valtýr Guðmundsson unnu yfirburðasigur og klofningsatkvæði í þeim kosningum voru aðeins 14,2%. Af þeim voru 38 af 46 greidd Birni og Halldóri.

Þegar litid er á hvernig klofningsatkvæði skiptust eftir hreppum í Gullbringu- og Kjósarsýslu má sjá ákveðið mynstur. Kjósendur á Reykjanesi (Vatnsleysustrandar-, Njarðvíkur-, Romshvalnes-, Miðnes-, Hafna- og Grindavíkurhreppum) studdu almennt frambjóðendur valtyinga. Klofningsatkvæði í þeirra hópi voru aðeins 12,9% atkvæða í þessum þremur kosningum. Af 43 klofningsatkvæðum úr þessum hreppum voru 25 greidd í kosningunum 1903, öll nema tvö þeirra greidd Birni Kristjánssyni og öðrum hvorum frambjóðanda Heimastjórnarflokksins.

Öðru máli gegndi í nyrstu fjórum hreppum kjördæmisins (Kjósar-, Kjalarnes-, Mosfells- og Seltjarnarneshreppum) þar sem hlutfall klofningsatkvæða var samanlagt 53,7%

greiddra atkvæða, hæst í Mosfellshrepp 66,7%. Hlutfall klofningsatkvæða var líka hátt í Garðahrepp (41,2%), þar sem kjörstaður kjördæmisins var staðsettur (í Hafnarfirði). Þar bjó auk þess stærsti hópur kjósenda einstakra hreppa sem jafnan skilaði sér vel á kjörstað. Í báðum tilvikum var stuðningur við framboð Jóns Þórarinssonar stærsti áhrifa-valdurinn á fjölda klofningsatkvæða en til þessara fimm hreppa sótti hann mest af sínu fylgi.

Líklegasta skýringin á háu hlutfalli klofningsatkvæða í nyrstu hreppunum fjórum og Garðahrepp, í kosningunum 1900 og 1902, virðist vera byggðasjónarmið sem tengja má búsetu frambjóðenda. Mestan hluta tímabilsins frá 1874–1900 voru þingmenn kjördæmisins búsettir í Garðahrepp, Þórarinn Böðvarsson prestur í Görðum (1874–1895) og sonur hans, Jón Þórarinsson skólastjóri í Flensborg í Hafnarfirði (1886–1900). Undantekningarnar voru kjör Gríms Thomsen árið 1874, en hann bjó í Bessastaðahrepp, Þorkels Bjarnasonar prests á Reynivöllum í Kjós árið 1880, sem svo féll fyrir Jóni Þórarinssyni árið 1886, og kjör Þórðar J. Thoroddsen héraðslæknis í Keflavík í aukakosningum árið 1895, sem haldnar voru vegna andláts Þórarins Böðvarssonar. Það urðu því tímámót árið 1900 þegar kjöri náðu frambjóðendur sem hvorugur bjó í Garðahreppi, Þórður bjó þá í Keflavík og Björn Kristjánsson í Reykjavík.

Fram til 1894 var kjörsókn úr hreppunum sunnan og vestan Vatnsleysustrandarhrepps mjög lítil, á bilinu 0–5,5% ef frá eru taldar kosningarnar 1886 þegar kjörsókn þaðan var 17,6%. Í þessum hreppum bjó um fjórðungur kjósenda í kjördæminu frá 1874–1886 en um og yfir þriðjungur þeirra eftir það. Frá aukakosningunni 1895 til og með kosningunum 1903 snarjókst kjörsókn úr syðstu hreppunum og var á bilinu 44,8–52,3% í kosningunum 1895, 1902 og 1903 en 27,7% árið 1900. Þessi aukna kjörsókn Reyknesinga breytti pólitísku landslagi innan kjördæmisins frá því sem það var fyrstu 20 ár landshöfðingjatímans. Jón Þórarinsson má álíta frambjóðanda þess hóps kjósenda í kjördæminu, búsettum í Garðahreppi og nágrenni, sem fram til 1894 höfðu fengið þá frambjóðendur kjörna sem þeir almennt kusu, að Þorkeli Bjarnasyni frátöldum. Jón Þórarinsson og Jens Pálsson virðast hafa myndað bandalag við kosningarnar 1900 en þá var pólitíska landslagið breytt og styrkur nýja prestsins í Görðum ekki hinn sami og forvera hans. Þeir félagar lutu því í lægra haldi fyrir Þórði J. Thoroddsen og Birni Kristjánssyni.

## 2.2 Árnassýsla

Af þeim kjördæmum sem hér eru til umfjöllunar má segja að línur hafi verið skýrastar í Árnassýslu þegar kom að framboðum á árunum 1900–1903. Í öllum kosningunum buðu sig fram tveir yfirlýstir valtyingar, tveir yfirlýstir heimastjórnarmenn og engir aðrir frambjóðendur. Fyrir hönd Heimastjórnarflokks voru sömu frambjóðendurnir allar þrjá kosningarnar, Hannes Þorsteinsson ritstjóri *Þjóðólfs* og Pétur Guðmundsson kennari á Eyrarbakka. Fyrir valtyinga buðu sig fram árið 1900 Sigurður Sigurðsson búnaðarráðunautur og Magnús Helgason sóknarprestur á Torfastöðum í Biskupstungum og síðar skólastjóri Kennaraskólans. Árin 1902 og 1903 voru frambjóðendur valtyinga Ólafur

Ólafsson prestur í Arnarbæli í Ölfusi og síðar fríkirkjuprestur og Eggert Benediktsson bóndi í Laugardælum.

**Tafla 5.** Úrslit kosninga í Árnassýslu 1900–1903

Nafn	Staða	Ár	Flokkur	Atkvæði
<b>Sigurður Sigurðsson</b>	<b>búnaðarráðunautur</b>	<b>1900</b>	<b>Valtýingar</b>	<b>154</b>
<b>Hannes Þorsteinsson</b>	<b>ritstjóri</b>	<b>1900</b>	<b>Heimastjórnarflokkur</b>	<b>154</b>
Pétur Guðmundsson	kennari	1900	Heimastjórnarflokkur	125
Magnús Helgason	prestur	1900	Valtýingar	113
<b>Hannes Þorsteinsson</b>	<b>ritstjóri</b>	<b>1902</b>	<b>Heimastjórnarflokkur</b>	<b>189</b>
<b>Eggert Benediktsson</b>	<b>bóndi</b>	<b>1902</b>	<b>Valtýingar</b>	<b>169</b>
Pétur Guðmundsson	kennari	1902	Heimastjórnarflokkur	161
Ólafur Ólafsson	prestur	1902	Valtýingar	145
<b>Hannes Þorsteinsson</b>	<b>ritstjóri</b>	<b>1903</b>	<b>Heimastjórnarflokkur</b>	<b>209</b>
<b>Ólafur Ólafsson</b>	<b>prestur</b>	<b>1903</b>	<b>Valtýingar</b>	<b>179</b>
Eggert Benediktsson	bóndi	1903	Valtýingar	172
Pétur Guðmundsson	kennari	1903	Heimastjórnarflokkur	154

Í Árnassýslu voru kosningar á þessum tíma jafnar og spennandi og allar þrjár enduðu með því að hvor flokkur fékk einn þingmann kjörinn. Hannes Þorsteinsson náði ávallt kjöri en með honum sitt hver af frambjóðendum valtýinga. Þessi niðurstaða olli bæði undrun og nokkurri gremju, einkum meðal ritstjóra flokksblaða sem sumir töldu hana til marks um vanþroska kjósenda og skort á flokkshollustu (*Þjóðviljinn*, 11. september 1900; *Ísafold*, 26. september 1900; [Einar Hjörleifsson] 1902). Af blaðaskrifum frá þessum tíma að dæma var kosningabaráttan í Árnassýslu jafnan harkaleg og borin einvörðungu fram á forsendum flokkaskiptingar byggðri á afstöðu til stjórnarskrármálsins (*Þjóðólfur*, 28. september 1900; Kjósandi 1900; *Þjóðólfur*, 6. júní 1902; Þessimisti 1900; *Ísafold*, 26. september 1900). En þrátt fyrir ákafa flokkadrætti og nokkuð skýrar línur voru á bilinu 21,3–26,3% greiddra atkvæða í kjördæminu klfoningsatkvæði.

Tafla 6. Flokksframboð og klofningsatkvæði: Árnessýsla

Ár	Frambjóðandi	atkvæði	SS	SS	HP	HP	PG	PG	MH	MH
1900	Sigurður Sigurðsson (SS)	154	X	X	38	24,7%	13	8,4%	103	66,9%
1900	Hannes Þorsteinsson (HP)	154	38	24,7%	X	X	109	70,8%	7	4,5%
1900	Pétur Guðmundsson (PG)	125	13	10,4%	109	87,2%	X	X	3	2,4%
1900	Magnús Helgason (MH)	113	103	91,2%	7	6,2%	3	2,7%	X	X
			<b>154</b>		<b>154</b>		<b>125</b>		<b>113</b>	
			HP	HP	EB	EB	PG	PG	ÓÓ	ÓÓ
1902	Hannes Þorsteinsson (HP)	189	X	X	35	18,5%	140	74,1%	14	7,4%
1902	Eggert Benediktsson (EB)	169	35	20,7%	X	X	12	7,1%	122	72,2%
1902	Pétur Guðmundsson (PG)	161	140	87,0%	12	7,5%	X	X	9	5,6%
1902	Ólafur Ólafsson (ÓÓ)	145	14	9,7%	122	84,1%	9	6,2%	X	X
			<b>189</b>		<b>169</b>		<b>161</b>		<b>145</b>	
			HP	HP	ÓÓ	ÓÓ	EB	EB	PG	PG
1903	Hannes Þorsteinsson (HP)	209	X	X	40	19,1%	34	16,3%	135	64,6%
1903	Ólafur Ólafsson (ÓÓ)	179	40	22,3%	X	X	129	72,1%	10	5,6%
1903	Eggert Benediktsson (EB)	172	34	19,8%	129	75,0%	X	X	9	5,2%
1903	Pétur Guðmundsson (PG)	154	135	87,7%	10	6,5%	9	5,8%	X	X
			<b>209</b>		<b>179</b>		<b>172</b>		<b>154</b>	

Þegar lítið er til þess hvernig kjósendur vörðu atkvæðum sínum má sjá að þeir frambjóðendur sem náðu kjöri í öllum þremur kosningunum fengu meira af klofningsatkvæðum en þeir sem féllu. Skýrast birtist þetta hjá Sigurði árið 1900 og Hannesi árið 1903 þar sem þeir deildu um þriðjungi atkvæða sinna með andstæðingum.

Kjósendafjöldi í hreppunum fimmtán í Árnessýslu á árunum 1900–1903 var ójafn og fjöldi greiddra atkvæða sömuleiðis. Úr fjórum hreppum (Ölfus-, Grímsnes-, Stokkseyrar- og Eyrarbakkahreppum) komu 46% greiddra atkvæða í alþingiskosningum þessi ár. Í þeim, auk Biskupstungnahrepps, voru stærstu kjósendahóparnir, jafnan á bilinu 60–70 á kjörskrá í hverjum hrepp. Kjörsoðn úr Biskupstungum var oftast lítil, náði hæst í rúm 30% árið 1903, en var yfir 50% í hinum hreppunum fjórum árin 1902 og 1903. Fátítt var að kjósendur í Grímsnesi (11,8%) og á Eyrarbakka (12,4%) greiddu klofningsatkvæði. Á Stokkseyri (22,1%) var hlutfall klofningsatkvæða við meðaltal en áberandi yfir því í Ölfusi (37,9%). Úr þremur hreppum, Þingvalla-, Grafnings- og Gnúpverjahreppum, kom ekki eitt einasta klofningsatkvæði en þessir hreppar voru í hópi þeirra sem voru með hvað fæsta kjósendur og kjörsoðn úr þeim tveimur fyrirtöldu var jafnan lítil. Einu hrepparnir, aðrir en Ölfushreppur, sem voru með klofningsatkvæði umfram meðaltal voru Sandvíkurhreppur (32,5%), Skeiðahreppur (44,9%) og Hraungerðishreppur (61,0%) en í þeim síðasttalda var kjörstaður kjördæmisins.

Í Árnessýslu er ekki að sjá neitt byggðamynstur í fjölda klofningsatkvæða en hins vegar vekur athygli í hve miklum mæli atkvæði skiptust í heimahreppum frambjóðenda valtyinga, Ólafs í Ölfusi og Eggerts í Hraungerðishrepp við kosningarnar 1902 og 1903. Í þeim síðarnefndu greiddi um helmingur kjósenda andstæðingunum Hannesi og Eggert atkvæði sín bæði þau ár.

### 2.3 Rangárvallasýsla

Frá 1874–1892 höfðu Rangvellingar jafnan skipt út öðrum þingmanni sínum við hverjar almennar kosningar frá þeim næstu á undan. En það breyttist árið 1894 þegar Þórður Guðmundsson hreppstjóri í Hala í Ásahrepp náði endurkjöri ásamt Sighvati Árnasyni hreppstjóra í Eyvindaholti undir Eyjafjöllum. Sighvatur hafði verið þingmaður kjördæmisins frá 1874 og sat sem slíkur samfelld til ársins 1899 er hann sagði af sér þingmennsku. Tildrög afsagnar Sighvatar má annars vegar rekja til átaka flokkanna sem þá voru að myndast á þingi og hins vegar til þess að í kjördæmið var kominn nýr sýslumaður sem hafði metnað fyrir þingmennsku. Sýslunefnd Rangæinga, undir forsæti Magnúsar Torfasonar sýslumanns, knúði Sighvat til afsagnar vorið 1899 og var því boðað til aukakosningar um sumarið (*Aldamót og endurreisn* 1999; Lbs. 3212, 4to.). Við þær bauð Magnús sýslumaður sig fram sem valtyingur og fram að kjörfundi leit út fyrir að mótherji hans yrði heimastjórnarmaðurinn Eggert Pálsson prestur á Breiðabólstað í Fljótshlíð. En á kjörfundi dró Eggert framboð sitt snarlega til baka eftir að Sighvatur Árnason bauð sig fram að nýju. Svo fór að Sighvatur sigraði Magnús með umtalverðum mun, 194 atkvæðum gegn 131, og settist á þing sumarið 1899, en gaf svo ekki kost á sér til endurkjörs árið 1900.

**Tafla 7.** Úrslit kosninga í Rangárvallasýslu 1900–1903

Nafn	Staða	Ár	Flokkur	Atkvæði
<b>Þórður Guðmundsson</b>	<b>bóndi</b>	<b>1900</b>	<b>Valtyingar</b>	<b>200</b>
<b>Magnús Torfason</b>	<b>sýslumaður</b>	<b>1900</b>	<b>Valtyingar</b>	<b>179</b>
Eggert Pálsson	prestur	1900	Heimastjórnarflokkur	158
Tómas Sigurðsson	bóndi	1900	Heimastjórnarflokkur	111
<b>Eggert Pálsson</b>	<b>prestur</b>	<b>1902</b>	<b>Heimastjórnarflokkur</b>	<b>226</b>
<b>Sighvatur Árnason</b>	<b>bóndi</b>	<b>1902</b>	<b>Heimastjórnarflokkur</b>	<b>213</b>
Magnús Torfason	sýslumaður	1902	Valtyingar	168
Þórður Guðmundsson	bóndi	1902	Valtyingar	163
<b>Eggert Pálsson</b>	<b>prestur</b>	<b>1903</b>	<b>Heimastjórnarflokkur</b>	<b>240</b>
<b>Magnús Stephensen</b>	<b>landshöfðingi</b>	<b>1903</b>	<b>Heimastjórnarflokkur</b>	<b>228</b>
Magnús Torfason	sýslumaður	1903	Valtyingar	184
Þórður Guðmundsson	bóndi	1903	Valtyingar	125
Tómas Sigurðsson	bóndi	1903	Sérframboð	43

Sighvatur Árnason og Þórður Guðmundsson höfðu tilheyrt þeim hópi þingmanna sem tóku um aldamót að kalla sig Heimastjórnarflokk. En við kosningarnar haustið 1900 hafði Magnúsi sýslumanni tekist að fá Þórð til að mynda við sig bandalag og ganga til liðs við Valtýinga. Staða Þórðar, bæði við og fyrst eftir kosningarnar það ár, var dálítið óljós og töldu ritstjórar andstæðra flokksmálgagna hann til síns flokks fyrst eftir kosningarnar (*Ísafold*, 3. október 1900; *Þjóðólfur*, 19. október 1900; Rangæingur 1902; ÞÍ. E.16.2.). Þórður og Magnús voru frambjóðendur valtyinga allar þrjár kosningarnar um aldamótin en af hálfu heimastjórnarmanna var áðurnefndur Eggert Pálsson í framboði

í þeim öllum með sitt hvern meðframbjóðandann. Valtýingar sigruðu í kosningunum í Rangárvallasýslu árið 1900 en kosningunum 1902 og 1903 lauk með öruggum sigri heimastjórnarmanna. Við fyrri tvær kosningarnar voru tveir frambjóðendur frá hvorum flokki en við kosningarnar 1903 bættist fimmti frambjóðandinn við, Tómas Sigurðsson hreppstjóri á Barkarstöðum í Fljótshlíð. Tómas hafði verið frambjóðandi Heimastjórnarflokksins ásamt Eggert árið 1900 en framboð hans árið 1903 verður að skoða sem sérframboð þar sem þá var augljóst bandalag orðið með Eggerti og Magnúsi Stephensen, fráfarandi landshöfðingi, sem frambjóðendum Heimastjórnarflokksins í kjördæminu. Fyrir þær kosningar var Eggert opinberlega sakaður um að hafa leikið tveimur skjöldum gagnvart Tómasi (*Ísafold*, 9. maí 1903; Eggert Pálsson 1903; Tómas Sigurðsson 1903).

Hlutfall klofningsatkvæða í Rangárvallasýslu var undir meðaltali kjördæmanna sex við allar kosningarnar og þar varð hlutfall klofningsatkvæða það lægsta sem finna má í kjördæmunum, einungis 7,0% við kosningarnar árið 1902. Hlutfallið var 26,2% árið 1900 og 19,3% árið 1903. Rúmur meirihluti klofningsatkvæðanna árið 1903 voru atkvæði sem greidd voru Tómasi og einhverjum hinna frambjóðendanna. Hitt voru mestmegnis atkvæði kjósenda sem kusu Magnús sýslumann og annan hvorn frambjóðanda heimastjórnarmanna. Þau atkvæði komu frá kjósendum úr nokkrum hreppum svo ekki virðist þar um samtök að ræða. Sama má segja um þau fáu klofningsatkvæði sem greidd voru árið 1902 og skiptust nokkuð jafnt á frambjóðendur. Við kosningarnar árið 1900 skiptist meginþorri klofningsatkvæða milli Eggerts og annars hvors frambjóðenda valtyinga en fá komu til Tómasar.

Tafla 8. Flokksframboð og klofningsatkvæði: Rangárvallasýsla

Ár	Nafn	atkvæði	ÞG	ÞG	MT	MT	EP	EP	TS	TS		
1900	Þórður Guðmundsson (ÞG)	200	X	X	147	73,5%	47	23,5%	6	3,0%		
1900	Magnús Torfason (MT)	179	147	82,1%	X	X	19	10,6%	13	7,3%		
1900	Eggert Pálsson (EP)	158	47	29,7%	19	12,0%	X	X	92	58,2%		
1900	Tómas Sigurðsson (TS)	111	6	5,4%	13	11,7%	92	82,9%	X	X		
		200			179		158		111			
			EP	EP	SÁ	SÁ	MT	MT	ÞG	ÞG		
1902	Eggert Pálsson (EP)	226	X	X	206	91,2%	10	4,4%	10	4,4%		
1902	Sighvatur Árnason (SÁ)	213	206	96,7%	X	X	6	2,8%	1	0,5%		
1902	Magnús Torfason (MT)	168	10	6,0%	6	3,6%	X	X	152	90,5%		
1902	Þórður Guðmundsson (ÞG)	163	10	6,1%	1	0,6%	152	93,3%	X	X		
		226			213		168		163			
			EP	EP	MS	MS	MT	MT	ÞG	ÞG	TS	TS
1903	Eggert Pálsson (EP)	240	X	X	213	88,8%	15	6,3%	6	2,5%	6	2,5%
1903	Magnús Stephensen (MS)	228	213	93,4%	X	X	15	6,6%	0	0,0%	0	0,0%
1903	Magnús Torfason (MT)	184	15	8,2%	15	8,2%	X	X	118	64,1%	36	19,6%
1903	Þórður Guðmundsson (ÞG)	125	6	4,8%	0	0,0%	118	94,4%	X	X	1	0,8%
1903	Tómas Sigurðsson (TS)	43	6	14,0%	0	0,0%	36	83,7%	1	2,3%	X	X
		240			228		184		125		43	

Flestir kjósendur í einstökum hrepp í Rangárvallasýslu voru í Ásahrepp (um 80) og næstflestir í Vestur-Eyjafjallahrepp (rúmlega 60) en fæstir í Landmanna- og Hvolhreppum (milli 30 og 40). Atkvæðafjöldi var þó jafnari milli hreppa en kjósendafjöldi þar sem kjörsókn var að jafnaði hvað slökust úr Ásahreppi. Kjörsókn í kjördæminu í heild fór jafnt og þétt vaxandi og var 81,2% í kosningunum 1903 sem var mesta kjörsókn í einstöku kjördæmi á landshöfðingjatímanum og 28,1% yfir landsmeðaltali í þeim kosningum.

Í Hvolhrepp, þar sem kjörstaður Rangvellinga var staðsettur, voru búsettir fæstir kjósendur í einstökum hrepp í kjördæminu. Sá hreppur sker sig úr varðandi hlutfall klofningsatkvæða en þar voru þau 34,6% greiddra atkvæða á tímabilinu. Í Landmanna-, Rangárvalla- og Vestur-Eyjafjallahreppum var þetta hlutfall á bilinu 22,2–23,4% en frá 9,3–16,3% í öðrum hreppum. Tilhneiging kjósenda til að greiða klofningsatkvæði virðist því helst hafa verið til staðar um miðbik kjördæmisins. Það stendur í samhengi við hvaðan megin fylgi frambjóðenda kom. Í öllum kosningunum sem hér um ræðir fengu frambjóðendur valtynga yfirburðafylgi í tveimur vestustu hreppunum (Ása- og Holtamannahreppum) en þar voru Þórður og Magnús sýslumaður búsettir. Helstu vígi heimastjórnarmanna voru austast í sýslunni (í Eyjafjallahreppunum báðum og Austur-Landeyjum) og svo í Fljótshlíð, þar sem bæði Eggert og Tómas bjuggu. Úr fimm af þessum sex hreppum, Vestur-Eyjafjallahreppur er undanskilinn, kom jafnframt minnst af klofningsatkvæðum. Því má álykta að kosningabaráttu í Rangárvallasýslu á þessum árum hafi ekki síður verið átök milli búsvæða innan kjördæmisins fremur en flokksbaráttu. Kalt stríð Rangæinga – átök milli austurs og vesturs.

## 2.4 Norður-Múlasýsla

Fyrir kosningar í Norður-Múlasýslu árið 1900 var ljóst að allavega annar þingmaður kjördæmisins sem þá næði kjöri yrði nýliði. Jón Jónsson bóndi á Sleðbrjót í Jökulsárhlíð, sem setið hafði samfellt á þingi fyrir kjördæmið síðan 1889, gaf ekki kost á sér til endurkjörs haustið 1900. Einar Jónsson prófastur í Kirkjubæ í Hróarstungu hafði verið hinn þingmaður Norðmýlinga síðan 1892 og hann gaf kost á sér til endurkjörs. Nokkuð hafði gustað um Einar eftir þingið 1899 þar sem hann gekk til liðs við Heimastjórnarflokk en hafði áður fylgt Valtýingum. Þeim, ekki síst forystumanni þeirra Valtý Guðmundssyni, var mjög í mun að fella Einar í kosningunum haustið 1900 og sumarið 1902 (*Aldamót og endurreisn* 1999; *Launráð og landsfædur* 1974; Einar Jónsson 1902; *Bjarki*, 5. júní 1902). Hvorki Jón frá Sleðbrjót né Einar í Kirkjubæ töldust til harðra flokksmanna í deilunum um stjórnarskrármálið og báðir kvörtuðu í einkabréfum yfir því að það mál spillti samstarfi manna innan þings og bitnaði á framgangi annarra mála og óskyldra (Lbs. 4162, 4to; Lbs. 2172a, 4to.).

**Tafla 9. Úrslit kosninga í Norður-Múlasýslu 1900–1903**

Nafn	Staða	Ár	Flokkur	Atkvæði 1. umf.	Atkvæði 2. umf.
<b>Einar Jónsson</b>	<b>prófastur</b>	<b>1900</b>	<b>Heimastjórnarflokkur</b>	<b>127</b>	
<b>Jóhannes Jóhannesson</b>	<b>sýslumaður</b>	<b>1900</b>	<b>Valtýingar</b>	<b>116</b>	
Einar Þórðarson	prestur	1900	Valtýingar	112	
Jón Jónsson	héraðslæknir	1900	Heimastjórnarflokkur	97	
<b>Ólafur Davíðsson</b>	<b>verslunarstjóri</b>	<b>1902</b>	<b>Heimastjórnarflokkur</b>	<b>148</b>	
<b>Jón Jónsson</b>	<b>hreppstjóri</b>	<b>1902</b>	<b>Heimastjórnarflokkur</b>	<b>125</b>	<b>144</b>
Jóhannes Jóhannesson	sýslumaður	1902	Valtýingar	121	131
Einar Þórðarson	prestur	1902	Valtýingar	94	
Einar Jónsson	prófastur	1902	Sérframboð	64	
<b>Jóhannes Jóhannesson</b>	<b>sýslumaður</b>	<b>1903</b>	<b>Valtýingar</b>	<b>182</b>	
<b>Einar Þórðarson</b>	<b>prestur</b>	<b>1903</b>	<b>Valtýingar</b>	<b>114</b>	
Einar Jónsson	prófastur	1903	Heimastjórnarflokkur	107	
Jón Jónsson	héraðslæknir	1903	Heimastjórnarflokkur	43	

Mjótt var á munum í öllum þremur kosningunum í Norður-Múlasýslu um aldamótin og skiptu flokkarnir jafnt með sér þingsætunum, hvor um sig fékk annað þeirra árið 1900, heimastjórnarmenn náðu báðum árið 1902 og valtýingar báðum árið 1903. Fyrir valtýinga voru í framboði við allar þrjár kosningarnar Jóhannes Jóhannesson sýslumaður á Seyðisfirði, sem var mágur og náinn vinur Valtýs Guðmundssonar, og Einar Þórðarson prestur í Hofteigi á Jökuldal. Einar Jónsson bauð sig fram fyrir Heimastjórnarflokkinn árin 1900 og 1903 og með honum þau ár var Jón Jónsson læknir á Vopnafirði. Einar var líka í framboði árið 1902 en þá mynduðu bandalag Ólafur F. Davíðsson verslunarstjóri á Vopnafirði og Jón Jónsson frá Sleðbrjót, sem þá var fluttur til Vopnafjarðar. Ólafur var eindreginn heimastjórnarmaður en Jón kvaðst á kjörfundi hvorugum flokknum tilheyra en framboð hans naut engu að síður stuðnings heimastjórnarmanna (HerAust. A6, 121; *Austri*, 12. júní 1902). Framboð Einars Jónssonar það ár skodast því sem sérframboð. Jón Jónsson frá Sleðbrjót bauð sig fram til endurkjörs árið 1903 en dró framboð sitt til baka skömmu fyrir kjördag og fluttist um sumarið búferlum til Kanada. Því kom framboð Jóns læknis það ár til með skömmum fyrirvara (Jón Jónsson frá Sleðbrjót 1903).

Hlutfall klofningsatkvæða í Norður-Múlasýslu var vel undir meðaltali kjördæmanna sex árið 1900 (17,7%), lítillega yfir því árið 1902 (30,1%) en vel yfir meðaltali árið 1903 (33,2%). Við kosningarnar 1900 og 1903 kom mikill meirihluti klofningsatkvæðanna frá kjósendum sem kusu Einar Jónsson og annan hvorn frambjóðenda Valtýinga. Þetta var sérlega áberandi árið 1903 þegar Jóhannes vann öruggan sigur en mjótt varð á munum milli Einars Þórðarsonar og Einars Jónssonar. Þá kusu aðeins 61,0% kjósenda Jóhannesar meðframbjóðanda hans Einar Þórðarson, en allir nema þrír kjósenda Einars kusu jafnframt Jóhannes. Árið 1902 skiptist meginþorri klofningsatkvæða milli annars vegar Einars Jónssonar og hins vegar Jóns frá Sleðbrjót og Ólafs Davíðssonar. Jón læknir fékk mjög fá klofningsatkvæði bæði við kosningarnar 1900 og 1903.

Tafla 10. Flokksframboð og klofningsatkvæði: Norður-Múlasýsla

Ár	Nafn	atkvæði	EJ	EJ	JóhJ	JóhJ	EP	EP	JJ	JJ		
1900	Einar Jónsson (EJ)	127	X	X	19	15,0%	16	12,6%	92	72,4%		
1900	Jóhannes Jóhannesson (JóhJ)	116	19	16,4%	X	X	94	81,0%	3	2,6%		
1900	Einar Þórðarson (EP)	112	16	14,3%	94	83,9%	X	X	2	1,8%		
1900	Jón Jónsson lækni (JJ)	97	92	94,8%	3	3,1%	2	2,1%	X	X		
		127			116		112		97			
			ÓFD	ÓFD	JJ	JJ	JóhJ	JóhJ	EP	EP	EJ	EJ
1902	Ólafur F. Davíðsson (ÓFD)	148	X	X	101	68,2%	12	8,1%	0	0,0%	35	23,6%
1902	Jón Jónsson frá Sleðbrjót (JJ)	125	101	80,8%	X	X	6	4,8%	1	0,8%	17	13,6%
1902	Jóhannes Jóhannesson (JóhJ)	121	12	9,9%	6	5,0%	X	X	92	76,0%	11	9,1%
1902	Einar Þórðarson (EP)	94	0	0,0%	1	1,1%	92	97,9%	X	X	1	1,1%
1902	Einar Jónsson (EJ)	64	35	54,7%	17	26,6%	11	17,2%	1	1,6%	X	X
		148			125		121		94		64	
			JóhJ	JóhJ	EP	EP	EJ	EJ	JJ	JJ		
1903	Jóhannes Jóhannesson (JóhJ)	182	X	X	111	61,0%	66	36,3%	5	2,7%		
1903	Einar Þórðarson (EP)	114	111	97,4%	X	X	3	2,6%	0	0,0%		
1903	Einar Jónsson (EJ)	107	66	61,7%	3	2,8%	X	X	38	35,5%		
1903	Jón Jónsson lækni (JJ)	43	5	11,6%	0	0,0%	38	88,4%	X	X		
		182			114		107		43			

Dreifing klofningsatkvæða eftir hreppum í Norður-Múlasýslu var mjög ójöfn, fá þeirra komu úr fjarðahreppunum en megnið af Héraði. Hlutfall þeirra var mjög lágt í nyrstu hreppunum (Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppum), samanlagt 7,5%. Það var jafnframt mjög lágt í Seyðisfirði (Seyðisfjarðarhrepp og Seyðisfjarðarkaupstað), samanlagt 9,5%. Í Vopnafirði stóðu heimastjórnarmenn mjög sterkt en valtyingar höfðu sterka stöðu í Seyðisfirði. Úr þessum fjórum hreppum kom meira en helmingur atkvæða sem greidd voru við kosningarnar um aldamótin, 27,8% úr Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppum og 26,1% úr Seyðisfirði. Hvergi var þó hlutfall klofningsatkvæða eins lágt og á Jökuldal en þar var eindreginn stuðningur við frambjóðendur valtyinga. Aðeins einn kjósandi þaðan greiddi klofningsatkvæði. Það var Einar Þórðarson, frambjóðandi valtyinga, sem kaus Jóhannes og Einar Jónsson árið 1902.

Í hinum hreppunum á Fljótshéraði (Hlíðar-, Tungu-, Hjaltastaðar-, Fella- og Fljótshreppum) var aðra sögu að segja. Þar voru klofningsatkvæði 38,6% í Fella-hrepp, 50% í Hlíðarhrepp og 54,5% í Fljótshéraði. Það var þó lágt í samanburði við Tungu-hrepp þar sem hlutfall klofningsatkvæða var 81,4% og í Hjaltastaðarhrepp þar sem það var 90,4%. Í síðasttöldu hreppunum átti Einar Jónsson sterkar rætur og fékk yfirgnæfandi fylgi kjósenda. Einar var uppruninn í Hjaltastaðarhrepp en var sóknarprestur nærsvitunga þeirra í Tunguhrepp og búsettur þar. Hvorki 1900 né 1903 virtist stuðningsmönnum Einars í þessum tveimur hreppum hafa hugnast að kjósa Jón lækni heldur greiddu þeir flestir Jóhannesi sýslumanni hitt atkvæði sitt. Árið 1902 skiptust atkvæði kjósenda úr Hjaltastaða- og Tunguhreppum einkum milli Einars og Jóns frá Sleðbrjót en Ólafur og Jóhannes fengu einnig hluta þeirra. Skýringin á háu hlutfalli klofningsatkvæða í Fellum og Fljótshéraði í kosningunum árið 1902 liggur í gamalgróinni andstöðu kjósenda þar við Jón frá Sleðbrjót sem leiddi til að flestir kjósendur þaðan kusu Ólaf og Einar

Jónsson (HerAust. A6, 122). Fáir kjósendur úr þessum hreppum skiptu atkvæði sínu 1900 og 1903 en í báðum þeim kosningum var kjörsókn úr Fljótsdal mjög lítil.

Þó stærstu kjósendahóparnir væru á sitt hvorum enda kjördæmisins og Vopnafjörður og Seyðisfjörður hafi myndað andstæða póla í flokksfylgi má segja að niðurstaða kosninganna hafi jafnan ráðist á Fljótsdalshéraði, þar sem kjörstaðurinn var staðsettur (í Hlíðarhrepp). Kjósendur þar fylgdu almennt ekki flokkslínun heldur kusu einstaklinga óháð þeim. Góð kjörsókn úr Vopnafirði árin 1900 og 1902 var skýr áhrifavaldur á niðurstöðu kosninganna þau ár en að sama skapi virðist sigur valtyínga 1903 skýrast að verulegu leyti af því að þá var kjörsókn úr Vopnafirði mun minni en árin á undan.

## 2.5 Skagafjarðarsýsla

Hlutfall klofningsatkvæða í kjördæmunum sex árin 1900–1903 var hvergi hærra en í Skagafirði. Það var langhæst þar árið 1900 (59,0%), einnig hæst árið 1902 (49,8%), en þá var það aðeins litlu lægra í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Hlutfallið hafði lækkað verulega árið 1903 (29,6%) og var þá næst hæst á eftir Norður-Múlasýslu. Líkt og Gullbringu- og Kjósarsýsla taldist Skagafjarðarsýsla vera öruggt vígi Valtyínga enda sigruð frambjóðendur þeirra í öllum þremur kosningunum. Þeir voru við allar kosningar þeir sömu, Ólafur Briem bóndi og umboðsmaður á Álfgaersvöllum í Lýtingsstaðahrepp og Stefán Stefánsson kennari við Möðruvallaskóla, sem var uppruninn á Heiði í Gönguskörðum. Ólafur var fyrst kjörinn þingmaður Skagafjarðarsýslu árið 1886. Hann naut frá upphafi afgerandi fylgis og fékk ávallt flest atkvæði frambjóðenda. Jón Jakobsson forngripavörður frá Viðimýri var samþingmaður Ólafs í Skagafirði frá 1892 en gaf ekki kost á sér við kosningarnar 1900. Þá voru fimm frambjóðendur í kjöri, því auk Ólafs og Stefáns buðu sig þá fram fyrir hönd Heimastjórnarflokksins Jón Jónsson hreppstjóri á Hafsteinsstöðum og Rögnvaldur Björnsson bóndi í Réttarholti. Auk þeirra var Zophonías Halldórsson prófastur í Viðvík í framboði, en það skoðast sem sérframboð (Lbs. 4029, 4to). Árið 1902 fór Jón Jakobsson einn fram fyrir hönd heimastjórnarmanna og sama var upp á teningnum árið 1903 þegar Flóvent Jóhannsson bústjóri á Hólum bauð sig fram (*Nordurland*, 7. júní 1902; Heimastjórnarmaður 1903).

**Tafla 11.** Úrslit kosninga í Skagafjarðarsýslu 1900–1903

Nafn	Staða	Ár	Flokkur	Atkvæði
<b>Ólafur Briem</b>	<b>bóndi</b>	<b>1900</b>	<b>Valtyíngar</b>	<b>150</b>
<b>Stefán Stefánsson</b>	<b>kennari</b>	<b>1900</b>	<b>Valtyíngar</b>	<b>96</b>
Jón Jónsson	bóndi	1900	Heimastjórnarflokkur	52
Zophonías Halldórsson	prófastur	1900	Sérframboð	32
Rögnvaldur Björnsson	bóndi	1900	Heimastjórnarflokkur	26
<b>Ólafur Briem</b>	<b>bóndi</b>	<b>1902</b>	<b>Valtyíngar</b>	<b>237</b>
<b>Stefán Stefánsson</b>	<b>kennari</b>	<b>1902</b>	<b>Valtyíngar</b>	<b>134</b>
Jón Jakobsson	forngripavörður	1902	Heimastjórnarflokkur	123
<b>Ólafur Briem</b>	<b>bóndi</b>	<b>1903</b>	<b>Valtyíngar</b>	<b>206</b>
<b>Stefán Stefánsson</b>	<b>kennari</b>	<b>1903</b>	<b>Valtyíngar</b>	<b>157</b>
Flóvent Jóhannsson	bústjóri	1903	Heimastjórnarflokkur	63

Líkt og sjá má af úrslitum kosninganna var fylgi Ólafs mjög sterkt og hann fékk atkvæði frá 84–97% kjósenda sem mættu á kjörstað 1900–1903. Hann virðist því hafa notið viðtæks trausts í kjördæminu óháð því hvorn flokkinn kjósendur aðhylltust. Ólafur hélt sér að mestu utan heitustu deilna valtyinga og heimastjórnarmanna um stjórnarskrármálið en þar lét Stefán Stefánsson hins vegar nokkuð að sér kveða. Stefán var tengdur Valtý Guðmundssyni, leiðtoga flokksins, sterkum vináttuböndum en þeir ólust að hluta til upp saman (Jón Þ. Þór 2010).

Þar sem frambjóðendur voru aðeins þrír við kosningarnar í Skagafirði 1902 og 1903 var sjálfgefið, þar sem allir kjósendur greiddu tvö atkvæði, að atkvæði greidd frambjóðanda Heimastjórnarflokksins yrðu klofningsatkvæði. Því kemur nokkuð á óvart að hlutfall klofningsatkvæða í kjördæminu sé langhæst í kosningunum 1900. Nær öll klofningsatkvæðin 1902 og 1903 voru atkvæði greidd Ólafi og frambjóðanda Heimastjórnarflokksins því einungis tíu kjósendur kusu Stefán og Jón árið 1902 og aðeins sjö kusu Stefán og Flóvent árið 1903. Atkvæðadreifing í kosningunum haustið 1900 er áhugaverð og er þar einkum ástæða til að staldra við tvennt. Annars vegar að einungis 48% kjósenda Ólafs greiddu jafnframt Stefáni atkvæði sitt. Hins vegar að frambjóðendurnir þrír sem minnst fylgi fengu deila sáralitlu af því hver með öðrum heldur nær öllu með Ólafi og Stefáni. Þetta bendir til þess að kjósendur í Skagafirði hafi almennt látið sig flokkslínur litlu skipta og kosið óháð þeim.

**Tafla 12.** Flokksframboð og klofningsatkvæði: Skagafjarðarsýsla

Ár	Nafn	atkvæði	ÓB	ÓB	SS	SS	JJ	JJ	ZH	ZH	RB	RB
1900	Ólafur Briem (ÓB)	150	X	X	72	48,0%	44	29,3%	17	11,3%	17	11,3%
1900	Stefán Stefánsson (SS)	96	72	75,0%	X	X	6	6,3%	12	12,5%	6	6,3%
1900	Jón Jónsson (JJ)	52	44	84,6%	6	11,5%	X	X	1	1,9%	1	1,9%
1900	Zóphónías Halldórsson (ZH)	32	17	53,1%	12	37,5%	1	3,1%	X	X	2	6,3%
1900	Rögvaldur Björnsson (RB)	26	17	65,4%	6	23,1%	1	3,8%	2	8%	X	X
			150		96		52		32		26	
			ÓB	ÓB	SS	SS	JJ	JJ				
1902	Ólafur Briem (ÓB)	237	X	X	124	52,3%	113	47,7%				
1902	Stefán Stefánsson (SS)	134	124	92,5%	X	X	10	7,5%				
1902	Jón Jakobsson (JJ)	123	113	91,9%	10	8,1%	X	X				
			237		134		123					
			ÓB	ÓB	SS	SS	FJ	FJ				
1903	Ólafur Briem (ÓB)	206	X	X	150	72,8%	56	27,2%				
1903	Stefán Stefánsson (SS)	157	150	95,5%	X	X	7	4,5%				
1903	Flóvent Jóhannsson (FJ)	63	56	88,9%	7	11,1%	X	X				
			206		157		63					

Í kosningunum þremur um aldamótin 1900 kom rúmur meirihluti greiddra atkvæða í Skagafirði (tæp 57%) úr fjórum hreppum af þrettán – Akra-, Lýtingsstaða-, Seylu- og Sauðárhreppum, en í þeim síðasttalda var kjörstaðurinn staðsettur. Í Sauðárhrepp var hlutfall klofningsatkvæða það næst lægsta í kjördæminu (13,5%) en úr Holtshreppi kom ekkert klofningsatkvæði. Í báðum þessum hreppum var eindreginn stuðningur við fram-

boð Ólafs og Stefáns. Hlutfall klofningsatkvæða var hins vegar hvergi hærra en í Akrahreppi (87,0%) og jafnframt mjög hátt í Staðarhrepp (73,5%) og Seyluhrepp (63,4%) en í þessum þremur hreppum var stuðningur við Stefán fremur lítill. Tveir frambjóðendanna árið 1900 voru búsettir í Staðarhreppi (Jón á Hafsteinsstöðum) og í Akrahreppi (Rögnvaldur í Réttarholti). Báðir tóku verulegt fylgi úr heimahreppum sínum og deildu meginu af því með Ólafi. Jón Jakobsson, frambjóðandi árið 1902 og fyrrum þingmaður, var svo upprunninn í Seyluhrepp.

Ekki er teljandi munur á hlutfalli klofningsatkvæða eftir byggðahlutum í Skagafirði en hlutfallið var þó heldur lægra í hreppunum vestan Héraðsvatna en austan þeirra. Kjörsókn var á hinn bóginn mjög misskipt þar sem hún var mun meiri vestan vatna og sérstaklega dræm úr ystu hreppunum að austanverðu. Einkum á það við um gamla Holtshrepp, sem fyrir skiptingu Holts- og Haganeshreppa árið 1897, hafði langstærsta kjósendahóp einstakra hreppa í Skagafirði.

## 2.6 Húnavatnssýsla

Heimastjórnarflokkurinn átti sterkt vígi í Húnavatnssýslu og sigraði í öllum þremur kosningunum um aldamótin 1900. Þorleifur Jónsson bóndi í Stóradal og síðar á Sólheimum í Svínavatnshreppi var þingmaður Húnavetninga frá 1886. En hann fluttist búferlum til Reykjavíkur árið 1900 og gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Með honum hafði Björn Sigfússon bóndi á Kornsa í Áshreppi, áður í Grímstungu í sömu sveit, verið þingmaður kjördæmisins frá 1892. Björn bauð sig fram sem valtyingur við kosningarnar 1900–1903 en féll í þeim öllum. Meðframbjóðandi hans árið 1900 var Stefán M. Jónsson prestur á Auðkúlu í Svínavatnshreppi en 1902 og 1903 myndaði Björn bandalag með Páli Briem amtmanni á Akureyri, sem bauð sig fram sem óháður en naut stuðnings valtyinga og er í samhengi þessarar greinar talinn með þeim (Páll Briem 1976; *Norðurland*, 3. maí 1902). Hermann Jónasson bóndi á Þingeyrum í Sveinsstaðahreppi og fyrrum skólastjóri Hóla-skóla bauð sig fram undir merkjum Heimastjórnarflokksins við allar þrjár kosningarnar, við þær fyrri tvær með Jósafat Jónatanssyni hreppsstjóra á Holtastöðum í Engihlíðarhrepp og árið 1903 með Jóni Jakobssyni forngripaverði í Reykjavík. Auk þessara manna bauð Júlíus Halldórsson læknir á Klömbrum í Þverárhreppi og síðar á Blönduósi sig fram árin 1900 og 1903, en framboð hans verður að skoða sem sérframboð. Þó Júlíus væri heimastjórnarmaður voru framboð hans, einkum árið 1903, í blóra við vilja forystumanna flokksins í kjördæminu (Lbs. 4028, 4to.; Lbs. 337 NF, 4).

**Tafla 13.** Úrslit kosninga í Húnavatnssýslu 1900–1903

Nafn	Staða	Ár	Flokkur	Atkvæði
<b>Hermann Jónasson</b>	<b>bóndi</b>	<b>1900</b>	<b>Heimastjórnarflokkur</b>	<b>134</b>
<b>Jósafat Jónatansson</b>	<b>bóndi</b>	<b>1900</b>	<b>Heimastjórnarflokkur</b>	<b>119</b>
Björn Sigfússon	bóndi	1900	Valtýingar	51
Stefán M. Jónsson	prestur	1900	Valtýingar	38
Júlíus Halldórsson	héraðslæknir	1900	Sérframboð	17
<b>Hermann Jónasson</b>	<b>bóndi</b>	<b>1902</b>	<b>Heimastjórnarflokkur</b>	<b>192</b>
<b>Jósafat Jónatansson</b>	<b>bóndi</b>	<b>1902</b>	<b>Heimastjórnarflokkur</b>	<b>146</b>
Páll Briem	amtmaður	1902	Valtýingar	110
Björn Sigfússon	bóndi	1902	Valtýingar	94
<b>Hermann Jónasson</b>	<b>búfræðingur</b>	<b>1903</b>	<b>Heimastjórnarflokkur</b>	<b>161</b>
<b>Jón Jakobsson</b>	<b>forngrípavörður</b>	<b>1903</b>	<b>Heimastjórnarflokkur</b>	<b>144</b>
Páll Briem	amtmaður	1903	Valtýingar	132
Björn Sigfússon	bóndi	1903	Valtýingar	109
Júlíus Halldórsson	héraðslæknir	1903	Sérframboð	18

Hermann var ótvíræður sigurvegari allra kosninganna og náði örugglega kjöri en meðframbjóðendur hans fengu jafnan nokkuð minna fylgi þó þeir næðu líka kjöri. Hlutfall klofningsatkvæða í Húnavatnssýslu var alltaf undir meðaltali kjördæmanna sex, lægst þeirra við kosningarnar árið 1900 (16,2%) og 1903 (14,2%) og næst lægst árið 1902 (19,2%). Klofningsatkvæði árið 1900 voru aðeins 29 og af þeim voru 17 atkvæði greidd Júlíusi og öðrum frambjóðanda en hinum tólf deildi Björn með frambjóðendum Heimastjórnarflokksins. Svipaða sögu er að segja um kosningarnar 1903 þegar tæpur helmingur klofningsatkvæðanna voru frá kjósendum sem völdu Júlíus og einn hinna frambjóðendanna. Það er því eftirtektarvert að klofningsatkvæði voru flest, eða 52, í kosningunum 1902 þegar einungis voru fjórir frambjóðendur, tveir frá hvorum flokki. Mestur hluti þeirra voru atkvæði úr austur helmingi sýslunnar sem skiptust milli Hermanns og frambjóðenda valtýinga, einkum Páls. En Jósafat, sem fékk aðeins þrjú klofningsatkvæði, var einmitt búsettur í austursýslunni.

Tafla 14. Flokksframboð og klofningsatkvæði: Húnavatnssýsla

Ár	Nafn	atkvæði	HJ	HJ	JJ	JJ	BS	BS	SMJ	SMJ	JH	JH
1900	Hermann Jónasson (HJ)	134	X	X	112	83,6%	9	6,7%	0	0,0%	13	9,7%
1900	Jósafat Jónatansson (JJ)	119	112	94,1%	X	X	3	2,5%	0	0,0%	3	2,5%
1900	Björn Sigfússon (BS)	51	9	17,6%	3	5,9%	X	X	38	74,5%	1	2,0%
1900	Stefán M. Jónsson (SMJ)	38	0	0,0%	0	0,0%	38	100,0%	X	X	0	0,0%
1900	Július Halldórsson (JH)	17	13	76,5%	3	17,6%	1	5,9%	0	0%	X	X
		<b>134</b>			<b>118</b>		<b>51</b>		<b>38</b>		<b>17</b>	
			<b>HJ</b>	<b>HJ</b>	<b>JJ</b>	<b>JJ</b>	<b>PB</b>	<b>PB</b>	<b>BS</b>	<b>BS</b>		
1902	Hermann Jónasson (HJ)	192	X	X	143	74,5%	31	16,1%	18	9,4%		
1902	Jósafat Jónatansson (JJ)	146	143	97,9%	X	X	3	2,1%	0	0,0%		
1902	Páll Briem (PB)	110	31	28,2%	3	2,7%	X	X	76	69,1%		
1902	Björn Sigfússon (BS)	94	18	19,1%	0	0,0%	76	80,9%	X	X		
		<b>192</b>			<b>146</b>		<b>110</b>		<b>94</b>			
			<b>HJ</b>	<b>HJ</b>	<b>JJ</b>	<b>JJ</b>	<b>PB</b>	<b>PB</b>	<b>BS</b>	<b>BS</b>	<b>JH</b>	<b>JH</b>
1903	Hermann Jónasson (HJ)	161	X	X	139	86,3%	15	9,3%	5	3,1%	2	1,2%
1903	Jón Jakobsson (JJ)	144	139	96,5%	X	X	2	1,4%	0	0,0%	3	2,1%
1903	Páll Briem (PB)	132	15	11,4%	2	1,5%	X	X	103	78,0%	12	9,1%
1903	Björn Sigfússon (BS)	109	5	4,6%	0	0,0%	103	94,5%	X	X	1	0,9%
1903	Július Halldórsson (JH)	18	2	11,1%	3	16,7%	12	66,7%	1	6%	X	X
		<b>161</b>			<b>144</b>		<b>132</b>		<b>109</b>		<b>18</b>	

Fjöldi kjósenda í hreppunum þrettán í Húnavatnssýslu var nokkuð jafn, á bilinu 20–40 en Vindhælishreppur sker sig úr með á bilinu 50–60 kjósendur. Hann var hins vegar austast í kjördæminu en kjörstaðurinn í Sveinsstaðahrepp um miðbik þess. Kjósendur úr fjórum austustu hreppum kjördæmisins (Svínavatns-, Vindhælis-, Engihlíðar- og Bólstaðarhlíðarhreppum) skiludu 42,5% af atkvæðum á kjörfundum. Í þeim var hlutfall klofningsatkvæða mjög lágt, á bilinu 15,7–16,7% í þremur austustu hreppunum og aðeins einn kjósandi (1,7%) í Svínavatnshrepp greiddi klofningsatkvæði. Hæstu hlutföll klofningsatkvæða var að finna í tveimur hreppum um miðbik sýslunnar, sem báðir teljast til austursýslunnar, Torfalækjarhrepp (35,8%) og í Sveinsstaðahrepp (26,0%). Þar skiptust þau flest milli Hermanns og valtynganna eða Júlíusar. Heilt yfir var flokkshollusta í Húnavatnssýslu meiri en í hinum kjördæmunum sem hér hefur verið rætt um.

### 3. Niðurstöður

Átök Heimastjórnarflokks og Valtýinga við upphaf 20. aldar voru áköf og harkaleg, bæði innan Alþingis og utan. Orðræða helstu þjóðmálablada þessa tíma var oft á tíðum einhliða og óbilgjörn gagnvart andstæðingum, einkum í aðdraganda og eftirmála kosninga. Bréf sem varðveist hafa frá þessum tíma og gengu milli manna sem virkir voru í stjórnmalastarfi vitna um hið sama. Með slíka afgerandi pólun innan þings og í opinberri umræðu hefði mátt ætla að kjósendur væru eindregið flokkshollir, styddu jafnan frambjóðendur síns flokks en skiptu ekki atkvæði sínu á milli þeirra. Sú var þó ekki raunin eins og sjá má af efni þessarar greinar. Þetta vekur spurningar um hvort annað en stjórnarskrármálið og átök flokkanna hafi verið mörgum kjósendum ofar í huga og ráðið

úrslitum um ákvarðanir þeirra á kjörstað.

Í upphafi þessarar greinar var teft fram þremur spurningum um efnið, sem jafnframt eru leiðarstef erlendra rannsókna á klofningsatkvæðum, þ.e. hvers vegna, hvenær og hve oft kjósendur velji að skipta atkvæðum sínum milli andstæðra framboða. Af efni greinarinnar og þeim gögnum sem hún byggir á er nokkuð skýrt hvenær og hve oft kjósendur völdu að skipta atkvæði sínu, á þeim tíma og í þeim kjördæmum sem hér er fjallað um (sjá töflu 2 og umfjöllun um hvert kjördæmi). En hvers vegna þeir gerðu það er erfðara að finna einhlítt svar við. Þrátt fyrir tilkomu stjórnmálaflokka á tímabilinu og framboð undir flokksmerkjum voru alþingiskosningar á þessum tíma persónukjör en ekki listakjör. Af greininni má sjá að margir frambjóðendur, sem fengu verulegt fylgi og náðu kjöri eða voru nærri því, áttu sér sterkt bakland í ákveðnum byggðarlögum innan síns kjördæmis. Sá styrkur tengdist oft búsetu þeirra sjálfra eða uppruna. Því má draga þá ályktun að persónuleg kynni kjósenda af frambjóðendum hafi verið veigamikill (ef til vill veigamesti) þátturinn í fylgisöflun þeirra, óháð stjórnmálaflokki. Það skýrir þá um leið hvers vegna samflokksmenn í sama kjördæmi nutu á tíðum ekki samsvarandi fylgis úr sterkustu vígum þessara frambjóðenda.

Sé rýnt í tölurnar sem birtast í töflunum má víða sjá byggðamynstur í fylgi frambjóðenda, einkum í Rangárvalla- og Norður-Múlasýslum, þar sem kjósendur á sitt hvorum jaðri kjördæma fylktu sér að baki frambjóðendum andstæðra flokka. Í báðum tilvikum stendur sá stuðningur í samhengi við búsetu frambjóðenda og ætlaðar vinsældir þeirra á sínu heimasvæði. Í þessu samhengi má líka benda á afgerandi stuðningi við framboð Einars Jónssonar í Tungu- og Hjaltastaðahreppum, stuðning sem svo ekki skilaði sér til meðframbjóðanda hans árið 1903. Að sama skapi gagnaðist sterkt fylgi Ólafs Briem í Skagafirði, Hermanns Jónssonar í Húnavatnssýslu og Hannesar Þorsteinssonar í Árnessýslu meðframbjóðendum þeirra ekki nema að hluta. Afgerandi sigra frambjóðenda valtyínga í Gullbringu- og Kjósarsýslu árin 1902 og 1903 má einkum þakka stórauðkinni kjörsókn af Reykjanesi þar sem stuðningur við þá var eindreginn og þar sem Þórður J. Thoroddsen, annar frambjóðandi valtyínga við kosningarnar 1900 og 1902, var þá búsettur.

Í rannsókn Svans Kristjánssonar, sem áður er getið, kemur fram að hlutfall klofningsatkvæða í tvímenningskjördæmum í þrennum alþingiskosningunum á árunum 1934–1942 var á bilinu 6,2–16,2% – hámarkið árið 1937 tilkomið vegna óvenjulegra aðstæðna. Á þeim tíma var nokkuð liðið frá því að tímabil stéttaflokka hófst, valkostir orðnir skýrari en um aldamót, kjósendur vanari flokkastjórnmálum og flokkshollusta meiri. Sá tími sem hér hefur verið fjallað um voru upphafsár íslenskra flokkastjórnmála, þar sem áherslumunur milli flokkanna í öðrum málum en stjórnarskrármálinu var óljós. Íslenskir kjósendur á árunum 1900–1903 geta tæpast hafa talist flokkshollir þar sem á bilinu 22,8–29,2% þeirra sem greiddu atkvæði í tvímenningskjördæmunum kusu þvert á flokkslínum. Þessi hópur virðist hafa metið frambjóðendur óháð hvaða flokk þeir tilheyrðu og varið atkvæði sínu samkvæmt því. Um meirihluta þeirra sem greiddu atkvæði og kusu samkvæmt flokkslínum er raunar ekki hægt að fullyrða að þeir hafi gert það af flokkshollustu, líklegt er að fyrir einhverjum þeirra hafi einfaldlega hagað svo til að þeir frambjóðendur sem þeim hugnaðist helst að kjósa voru í sama flokki.

## Aftanmálsgreinar

- 1 Þessi grein er afrakstur nýdoktorsverkefnisins „Hverjir völdu fulltrúa fólksins?“ sem höfundur hefur unnið að frá árinu 2023 (og mun ljúka 2026) við Hugvísindasvið Háskóla Íslands með tilstyrk Rannsóknarsjóðs Rannís (verkefnisnúmer 239458-051).

## Heimildaskrá

- Aldamót og endurreisn: Bréfasápti Valtyís Guðmundssonar og Jóhannesar Jóhannessonar* (1999). Jón Þ. Þór bjó til prentunar. Reykjavík: Nýja bókafélagið.
- Alþingistíðindi 1903 C.*
- Austri* (1902). „Kjörfundurinn á Fossvöllum“, 12. júní, 73–74.
- Beck, P.A., Baum, L., Clausen, A.R. og Smith Jr., C.E. (1992). „Patterns and Sources of Ticket Splitting in Subpresidential Voting“, *American Political Science Review* 86(4), 916–928.
- Bjarkei* (1902). „Til síra Einars Jónssonar“, 5. júní, 1–2.
- Burden, B.C. og Helmke, G. (2009). „The comparative study of split ticket voting“, *Electoral Studies* 28(1), 1–7.
- Burden, B.C. og Kimball, D.C. (1998). „A New Approach to the Study of Ticket Splitting“, *American Political Science Review* 92(3), 533–544.
- Campbell, A. og Miller, W.E. (1957). „The Motivational Basis of Straight and Split Ticket Voting“, *American Political Science Review* 51(2), 293–312.
- Deutscher Bundestag. Parliament–Elections. <https://www.bundestag.de/en/parliament/elections/elections>
- Eggert Pálsson (1903). „Yfirlýsing. Rangfærsla og hártogun hrakin“, *Þjóðólfur*, 22. maí, 82–83.
- [Einar Hjörleifsson] (1902). „Kynlegar kosningar“, *Norðurland*, 14. júní, 150.
- Einar Jónsson (1902). „Svar til Bjarka útaf þingmennskudómi“, *Austri*, 30. maí, 65–67.
- Einar Laxness (1995). *Íslandssaga*. 1. bindi (a-h). Reykjavík: Vaka-Helgafell.
- Gschwend, T. (2007). „Ticket-splitting and strategic voting under mixed electoral rules: evidence from Germany“, *European Journal of Political Research* 46, 1–23.
- Gunnar Helgi Kristinsson (1991). *Farmers' Parties: A Study in Electoral Adaption*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- [Hannes Þorsteinsson] (1902). „Kosningarnar í vor“, *Þjóðólfur*, 2. maí (9. viðaukabláð) [án blaðsíðtals].
- Heimastjórnarmáður (1903). „Flokkarnir og kosningarnar“, *Þjóðólfur*, 15. maí, 61–62.
- Héraðsskjalasafn Austfirðinga (HerAust.). A6, 121, 130–131. Bréf Einars Jónssonar til Guttorms Vigfússonar, dags. 30. apríl og 18. maí 1902.
- Héraðsskjalasafn Austfirðinga (HerAust.). A6, 122, 22. Bréf Ólafs F. Davíðssonar til Guttorms Vigfússonar, dags. 12. desember 1902.
- Ísafold* (1900). „Kosningarnar og stjórnarbotin“, 3. október, 241.
- Ísafold* (1900). „Stærsta hneykslið“, 26. september, 233.
- Ísafold* (1903). „Hver upptökin áttí“, 9. maí, 99.
- Jón Jónsson frá Sleðbrjót (1903). [Nafnlaus tilkynning] *Austri*, 15. maí, 61.
- Jón Þ. Þór (2010). *Doktor Valtyr: avisaga*. Reykjavík: Urður.
- Karp, J.A., Vowles, J., Banducci, S. og Donovan, T. (2002). „Strategic voting, party activity, and candidate effects: testing explanations for split voting in New Zealand's new mixed system“, *Electoral Studies* 21(1), 1–22.
- Kjósandi (1900). „Ísafold og kosningarnar í Árnessýslu“, *Þjóðólfur*, 12. október, 182–183.
- Landsbókasafn Íslands (Lbs.). Lbs. 2172a, 4to. Bréf Einars Jónssonar til Jóns Jónssonar frá Sleðbrjót, dags. 21. júlí 1901.
- Landsbókasafn Íslands (Lbs.). Lbs. 3209, 4to. Bréf Jóns Þórarinssonar til Magnúsar Helgasonar, dags. 28. október 1901.

- Landsbókasafn Íslands (Lbs.). Lbs. 3212, 4to. Bréf Valdimars Briem til Magnúsar Helgasonar, dags. 5. maí 1899.
- Landsbókasafn Íslands (Lbs.). Lbs. 4028, 4to. Bréf Árna Árnasonar til Hannesar Þorsteinssonar, dags. 20. mars 1902.
- Landsbókasafn Íslands (Lbs.). Lbs. 4029, 4to. Bréf Björns Jónssonar í Miklabæ til Hannesar Þorsteinssonar, dags. 3. janúar 1902.
- Landsbókasafn Íslands (Lbs.). Lbs. 4162, 4to. Bréf Jóns Jónssonar frá Sleðbrjót til Þorsteins Erlingssonar, dags. 27. janúar 1897.
- Landsbókasafn Íslands (Lbs.). Lbs. 4791, 4to. Bréf Sighvatar Bjarnasonar til Hannesar Hafstein, dags. 12. maí 1903.
- Landsbókasafn Íslands (Lbs.). Lbs. 337 NF, 4. Bréf Hermanns Jónassonar til Ara Brynjólfssonar, dags. 28. febrúar 1903.
- Landsbókasafn Íslands (Lbs.). Lbs. 437 NF, 7. Bréf Jóns Þórarinssonar til Björns Jónssonar, dags. 28. apríl 1903.
- Launráð og landsfeður: Bréfaskipti Björns Jónssonar og Valtýs Guðmundssonar* (1974). Jón Þ. Þór bjó til prentunar. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Norðurland* (1902). „Þingmannaefni“, 3. maí, 125–126.
- Norðurland* (1902). „Þingmálafundur í Skagafirði“, 7. júní, 145.
- Ólafur Þ. Harðarson (2004). „Einar Arnórsson“, í Ólafur Teitur Guðnason og Júlíus Hafstein (ritstj.), *Forsætisráðberrar Íslands: ráðberrar Íslands og forsætisráðberrar í 100 ár* (bls. 83–98). Akureyri: Hólar.
- Pappi, F.U. og Thurner, P.W. (2002). „Electoral behavior in a two-vote system: Incentives for ticket splitting in German Bundestag elections“, *European Journal of Political Research* 41(2), 207–232.
- Páll Briem (1976). „Ópið bréf til Húnavetninga 1902“, *Húnavaka* 16, 116–119 [bréf Páls er dagsett 1. maí 1902].
- Pessimisti (1900). „Traustið á Þjóðinni“, *Ísafold*, 15. september, 227.
- Rangæingur (1902). „Fjallkonan og Þórður í Hala“, *Þjóðólfrur*, 28. september, 34.
- Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1877 A*.
- Svanur Kristjánsson (1977). *Conflict and consensus in Icelandic politics 1916-44*. Doktorsritgerð í stjórnmálafræði frá University of Illinois. Urbana, Ill.: [útgefanda ekki getið].
- Tómas Sigurðsson (1903). „Yfirlýsing Rangfærsla og hártogun hrakin“, 22. júlí, 182–183.
- United States government official website. Voting and elections. <https://www.usa.gov/voting-and-elections>
- Þjóðólfrur* (1900). „Kosningarnar“, 28. september, 178.
- Þjóðólfrur* (1900). „Kosninga-úrslitin“, 19. október, 185–186.
- Þjóðólfrur* (1902). „Kjörfundur Árnesinga“, 6. júní, 90–91.
- Þjóðskjalasafn Íslands (ÞÍ). E.16.2. Björn Bjarnarson í Grafarholti, Sagnir og ljóð IV.
- Þjóðviljinn* (1900). „Kosningar-úrslitin“, 11. september, 117–118.

